

Úrskurðarnefnd velferðarmála

07 151

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Úrskurðarnefnd velferðarmála
Fjárlagaliðurinn er í umsjón
Félagsmálaráðuneytisins
kt. 521218-0610
Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Úrskurðarnefnd velferðarmála er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérlaga og úrskurðar í kærumálum vegna almannatrygginga, atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða, barnaverndarmála, félagsþjónustu og húsnæðismála, fæðingar- og foreldraorlofsmála og greiðsluaðlögunarmála.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 32 og málaflokk 40 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 214,8 milljónir og afkoma kr. 22,5 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 38,4 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 61,2 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Úrskurðarnefndar velferðarmála í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning fyrir fjárlagaliðinn Úrskurðarnefnd velferðarmála fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir
formaður úrskurðarnefndar velferðarmála

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	199.800.000	187.100.000
Seld þjónusta	3	13.700.000	11.200.000
Framlög og ýmsar tekjur	4	0	7.207.230
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	1.277.677	1.637.889
Tekjur samtals		<u>214.777.677</u>	<u>207.145.119</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	159.414.827	163.388.003
Annar rekstrarkostnaður	6	31.531.782	27.762.881
Afskriftir	7	1.277.677	1.637.889
Gjöld samtals		<u>192.224.286</u>	<u>192.788.773</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		22.553.391	14.356.346
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(10.799)	(47.305)
		<u>(10.799)</u>	<u>(47.305)</u>
Afkoma ársins		<u><u>22.542.592</u></u>	<u><u>14.309.041</u></u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		4.962.194	6.011.169
Fastafjármunir samtals		<u>4.962.194</u>	<u>6.011.169</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	9	56.218.108	29.293.506
Veltufjármunir samtals		<u>56.218.108</u>	<u>29.300.555</u>
Eignir samtals		<u>61.180.302</u>	<u>35.311.724</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	10		
Hrein eign		38.412.049	15.869.457
Eigið fé samtals		<u>38.412.049</u>	<u>15.869.457</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	490.599	36.000
Viðskiptaskuldir		525.831	535.512
Ýmsar skammtímaskuldir	11	13.983.778	11.425.033
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	12	7.768.045	7.445.722
Skuldir samtals		<u>22.768.253</u>	<u>19.442.267</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>61.180.302</u>	<u>35.311.724</u>
Aðrar upplýsingar	13		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		22.542.592	14.309.041
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	1.277.677	1.637.889
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		<u>(1.277.677)</u>	<u>(1.637.889)</u>
		22.542.592	14.309.041
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		7.049	(7.049)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>2.549.064</u>	<u>(2.579.686)</u>
		2.556.113	(2.586.735)
		<u>25.098.705</u>	<u>11.722.306</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	<u>(228.702)</u>	<u>(65.447)</u>
		(228.702)	(65.447)
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		(26.470.003)	(13.156.859)
Fjárfestingarframlag		<u>1.600.000</u>	<u>1.500.000</u>
		(24.870.003)	(11.656.859)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:
Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluvegi og er hluti af afkomu ársins.

Skýringar

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Skýringar

	2019	2018
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Tekjufærsla fjárveitinga	199.800.000	187.100.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	1.277.677	1.637.889
	<u>201.077.677</u>	<u>188.737.889</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	199.800.000	0	0	199.800.000
Fjárveiting til tekna	199.800.000	0	0	199.800.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum	(177.257.408)	0	0	(177.257.408)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	22.542.592	0	0	22.542.592

	2019	2018
3 Seld þjónusta		
Sérfræðiþjónusta	13.700.000	11.200.000
	<u>13.700.000</u>	<u>11.200.000</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Kostnaðarhlutdeild	0	7.207.230
	<u>0</u>	<u>7.207.230</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	128.578.794	135.009.937
Orlof, breyting	2.379.720	(1.421.659)
Launatengd gjöld	27.610.328	29.457.680
Starfsmannakostnaður	845.985	342.045
	<u>159.414.827</u>	<u>163.388.003</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	10,2	10,7
------------------------------	------	------

Skýringar

	2019	2018
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	549.236	375.058
Byggingarvörur, almennar	0	10.516
Ýmis tæki og áhöld	89.252	52.145
Orkugjafar	26.153	40.643
Matvæli	1.071.219	996.963
Almennar rekstrarvörur	41.385	45.131
Vörukaup, almenn	1.777.245	1.520.456
Ýmsar sérgreindar vörur	0	305
Vörukaup, sérgreind	0	305
Fundir, námskeið, risna	473.675	552.333
Ferðir, uppihald	822.240	308.526
Akstur	48.088	27.232
Sérfræðiþjónusta	3.950.491	2.480.656
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	29.458	16.019
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	995.848	779.174
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	6.319.800	4.163.940
Afnotagjöld	3.796.056	2.932.838
Leigugjöld	18.874.188	18.369.891
Verkkaup	764.493	775.451
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	23.434.737	22.078.180
Annar rekstrarkostnaður samtals	31.531.782	27.762.881
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	1.277.677	1.637.889
	1.277.677	1.637.889
	31.12.2019	31.12.2018
8 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	4.962.194	6.011.169
	4.962.194	6.011.169
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:		
		Áhöld, tæki og búnaður
Staða 1.1.2019		9.513.983
Viðbætur á árinu		228.702
		9.742.685
Afskriftir 1.1.2019		3.502.814
Afskrift ársins		1.277.677
		4.780.491
Staða 31.12.2019		4.962.194

Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
--	-------------------	-------------------

9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	56.218.108	19.129.958
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga	0	10.163.548
	<u>56.218.108</u>	<u>29.293.506</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	490.599	36.000
	<u>490.599</u>	<u>36.000</u>

10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	15.869.457	1.560.416
Afkoma ársins	22.542.592	14.309.041
Jöfnuður 31.12.	<u>38.412.049</u>	<u>15.869.457</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

	31.12.2019	31.12.2018
--	-------------------	-------------------

11 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	13.804.753	11.425.033
Ógreidd laun	179.025	0
	<u>13.983.778</u>	<u>11.425.033</u>

12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	4.962.194	6.011.169
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	2.805.851	1.434.553
	<u>7.768.045</u>	<u>7.445.722</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019	6.011.169	1.434.553	7.445.722
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	1.600.000	1.600.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	228.702	(228.702)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(1.277.677)	0	(1.277.677)
	<u>4.962.194</u>	<u>2.805.851</u>	<u>7.768.045</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 0,8 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

Skýringar

13 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársins 2027 og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 18,7 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 2,6 milljónum. Stofnunin hefur einnig gert ýmsa áskriftar- og þjónustusamninga til lengri og skemmri tíma og nema árlegar greiðslur þeirra kr. 4,8 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.